

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 89, 2. mars 1992, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins.

#### 1. gr.

4. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Eigendur fiskiskipa 10 brl. og stærri skulu greiða gjald til Hagræðingarsjóðs. Skal gjaldið á árinu 1994 nema 975 kr. af hverri brúttórúmllest en þó skal gjaldið aldrei vera hærra en 293.000 kr. fyrir hvert skip og er það fallið í gjalddaga fyrir árið 1994. Gjaldið skal greiðast án tillits til þess hvort skipi er haldið til veiða eða ekki. Liggi brúttórúmllestamæling skips ekki fyrir skal miða gjaldið við brúttótonn.

Gjald skv. 1. mgr. skal innheimt gegnum greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins og skal hluti þess fjár, sem greiðist inn á váttryggingarreikning skips, skv. 2. tl. 7. gr. laga nr. 24/1986, ganga til greiðslu gjaldsins. Skal Landssamband íslenskra útvegsmanna mánaðarlega skila þessum hluta til Hagræðingarsjóðs uns fullnaðarskil vegna viðkomandi almanaksárs hafa verið gerð.

Sé gjald ekki greitt fyrir lok álagningarárs skal greiða í Hagræðingarsjóð dráttarvexti af því sem gjaldfallið er, skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum. Lögveð er í skipum fyrir hagræðingarsjóðsgjaldi.

#### 2. gr.

1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sjóðurinn veitir eingöngu styrki vegna úreldingar þeirra skipa sem gjaldskyld eru skv. 1. mgr. 4. gr. Skal úreldingarstyrkurinn vera 30% af húftryggingarverðmæti fiskiskips eins og það var við upphaf þess almanaksárs er umsókn um styrkinn barst. Liggi húftryggingarverðmæti ekki fyrir skal stjórn sjóðsins ákveða þá viðmiðun, sem hún telur eðlilega. Á árinu 1994 skal úreldingarstyrkur þó aldrei vera hærri fjárhæð en 61.246.000 kr. fyrir hvert skip.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í lögum nr. 65, 26. júní 1992, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 17. janúar 1994.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*